

# Tónmennt 1. bekkur 2022-2023

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Rós Sigfúsdóttir

1

## Lýsing

Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, leiki sem þjálfar taktskyn, hlustun og hreyfingu eftir tónlist, samspil með einföldum ásláttarhljóðfærum og hljóðheimurinn kannaður.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópavinna, einstaklingsvinna, rythma leikir, umræður, söngur, dans og sprell.

## Námsmat

Nemendur verða metnir í samræmi við hæfniviðmið lotunnar og frammistöðu í tímum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Tónmennt fyrir yngsta stig


- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur.
- Þjálfí taktskyn með puls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- Kynnist tónsögum og læri að búa þær til.
- Geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli og sýni viðbrögð við henni.
- Flytji einfalt tón- og hrynmunstur eftir heyrn.
- Vinni markvisst með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háir og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt.
- Læri um göngunótu og hlaupanótu og geti unnið með þær á einfaldan hátt.
- Leiki á skólahljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- Kynnist grafískri nótnaskrift og geti farið eftir henni.
- Kynnist því hvað þjóðlög eru og nokkrum íslenskum þjóðvísum.

## NÁMSEFNI/GÖGN

---

 Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt

 Efni sem kennari hefur safnað saman

 Internetið (youtube, tonmennt.com ofl.)

 Myndefni